

**Nd. 291. Breytingartillögur**

við frv. til laga um refaveiðar og refarækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

- I. Við 2. gr. Í stað orðanna: »enda hafi þar ekki fundizt dýr i tug ára« komi:  
eða þar hafi ekki fundizt dýr síðustu árin.
- II. Við 6. gr. Síðari málsgrein orðist svo:  
Nú eru yrðlingar teknir í heimalandi einstakra manna, og skal þá land-

eigandi og ábúandi fá samanlagt hálfan ágóða, til jafns við sveitar- eða fjall-  
skilasjóð, af sölu þeirra yrðlinga. Landshlut þessum skal skipta jafnt á milli  
landeiganda og ábúanda.

III. Á eftir »II. kafli. Um refarækt« komi ný grein, svo hljóðandi :

Hver sá, er ætlar að setja á stofn refaræktarbú eða stunda refaeldi, þarf  
til þess leyfi sýslunefndar. Það telst refaræktarbú, þar sem refir eru aldir ár-  
langt, en refaeldi þar, sem refir eru aldir skemmri tíma, hvort sem fleiri eru  
eða færri.